



## Fundargerð 6. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

**Staður og tími:** Engjavegur 6 og Zoom, þriðjudaginn 11. apríl kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Halldór Jóhannsson (HJ) og Halldór Viðar Hauksson (HVH).

**Mættir varamenn:** Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Kolbrún Vignisdóttir (KV).

**Fjarverandi:** Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

---

### 1. Varaformaður

TMP stingur uppá að JPJ verði varaformaður sambandsins, en vali á varformanni var frestað á fyrsta fundi stjórnar að beiðni formanns.

Tillagan var samþykkt.

### 2. Íþróttáþing ÍSÍ 5. og 6. maí 2023

Samkvæmt upplýsingum frá ÍSÍ má AKÍS skipa þrjá fulltrúa. TMP spurði hvort einhverjir innan stjórnar hefðu tök á að mæta.

JPJ og HRR gefa kost á sér og verða þau því fulltrúar sambandsins á þinginu ásamt TMP.

### 3. Starfsmaður fyrir AKÍS - staða umsókna

Nú þegar hafa borist 11 umsóknir, en umsóknarfrestur er til laugardagsins 15. apríl.

Rætt um fyrirkomulag við úrvinnslu umsókna. Fram kom tillaga um að hluti stjórnar fari yfir allar umsóknir og velji 5-7 aðila til að taka í viðtöl, að fengnu samþykki stjórnar.

Ákveðið að SIS, JPJ, HRR og LDJ gangi frá fyrstu grisjun fyrir stjórnarfund 18. apríl n.k. og mun JPJ sjá um að boða hópinn. Jafnframt verður nafnalisti allra umsækjenda sendur á alla stjórnarmenn.

### 4. Samningur milli Afrekssjóðs ÍSÍ og AKÍS

TMP vakti athygli stjórnar á að langt sé í land að við getum uppfyllt skilyrði samnings við Afrekssjóð sem gerður var fyrr í vetur.

Farið var lauslega yfir samninginn og TMP falið að ræða við ÍSÍ um málið.

### 5. Yfirlýsing vegna EES keppenda

Á heimasíðu sambandsins hefur til nokkurra ára verið yfirlýsing frá stjórn sem gefur heimild fyrir þátttöku keppenda og ökumanna frá löndum innan ESB, óski keppnishaldari þess.

Þar sem Bretland er ekki lengur hluti af ESB leggur TMP til að gefin verði út ný yfirlýsing, samhljóða þeirri sem fyrir er, að viðbættri heimild fyrir keppendur og ökumenn frá Bretlandi.

Tillagan samþykkt.



## 6. FIA Race Directors and Stewards International Programmes

FIA hefur óskað eftir að AKÍS tilnefni tvo aðila til að taka þátt í námskeiðum fyrir keppnisstjóra og tvo aðila fyrir dómnefndarfólk, sem haldin verða á vegum FIA á næstu mánuðum.

Ákveðið að TMP sendi erindi á aðildarfélögin og óski eftir tilnefningum frá þeim um aðila sem gætu átt erindi á svona námskeið.

## 7. Tilnefningar í keppnisráð 2023

Samkvæmt breytingu á lögum sambandsins sem samþykkt var á ársþinginu 18. mars s.l. skulu aðildarfélög tilnefna fulltrúa í keppnisráð þeirra greina sem þau halda keppni í á árinu. Nýju lögin hafa verið send til ÍSÍ til staðfestingar en ekki borist viðbrögð.

Ákveðið að senda ítrekun á aðildarfélögin að tilnefna fulltrúa í þau ráð sem þeim ber.

## 8. Esport Olympic Series 2023

Undanrásir eru opnar öllum og verða haldnar frá 13. til 30. apríl 2023 og vinna 11 aðilar sér rétt til áframhaldandi þátttöku. Lokakeppnin er frá 22. til 25. júní 2023 í Singapore og mun IOC (Alþjóða ólympíunefndin) sjá um allan kostnað við þátttöku þar.

Samkvæmt upplýsingum frá GT akademíunni eru all nokkrir aðilar hérlendis sem stefna á þátttöku í undanrásunum og fagnar stjórnin því. Jafnframt var ákveðið að auglýsa undanrásirnar á samfélagsmiðlum sambandsins og hvetja fólk til þátttöku.

## 9. Námskeið hérlendis

Stefnt er á að myndbandsfyrirlestrar fyrir námskeið keppnisstjóra og dómnefndarfólks verði tilbúið innan viku. Í byrjun maí verða síðan haldin vinnukvöld tengd námskeiðunum þar sem þátttakendum gefst færi á að spyrja spurninga, þeir taka krossapróf og leysa verkefni sem síðan verða krufin með aðstoð leiðbeinenda.

## 10. Önnur mál

**Verkefnalisti stjórnar** - Hvernig er heppilegast að búa hann til og halda honum við ?

TMP leggur til að hver stjórnarmeðlimur sendi honum lista yfir þau mál sem hann vill vinna að eða telur mikilvægt að sambandið vinni að á næstu mánuðum og verði atriðin á listunum sett fram í forgangsröð.

Samþykkt að listum skuli skilað í síðasta lagi 25. Apríl.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn á Zoom, þriðjudaginn 18. apríl kl. 19.30.

Fundi slitið kl. 20.34